



Loftslags- og atvinnuvegaráðuneyti
Skrifstofa Evrópusambands- og alþjóðamála,
loftslags- og umhverfismála

Svar við fyrirspurn Norðurlandaráðs um vistmorð

Svíþjóð hefur sem formennskuríki mótttekið fyrirspurn Norðurlandaráðs E 22/2024 um vistmorð sem beint var til ríkisstjórnanna á Norðurlöndum.

Fyrirspurn Norðurlandaráðs til ríkisstjórnanna á Norðurlöndum

Norðurlandaráð hefur samþykkt tillögu þess efnis að hvetja ríkisstjórnirnar á Norðurlöndum til að fylgjast með umræðum um vistmorð og taka þátt í þeim eftir því sem við á. Af hálfu Vanúatú, FidjÍ og Samóa hefur verið lagt til að bætt verði í Rómarsamþykktina ákvæði þar sem vistmorð verði skilgreint sem brot og verður það málefni því rætt á ársfundi Alþjóðlega sakamáladómstólsins (ICC) í Haag í desember.

Þess vegna er mikilvægt að upplýsingar liggi fyrir um áform og afstöðu norrænu ríkisstjórnanna í þessu efni.

Svar

Vangaveltur um að taka upp nýtt afbrot í Rómarsamþykktina hljóta að taka mið af því að Alþjóðlegi sakamáladómstóllinn getur nú þegar dæmt brotamenn á grundvelli alþjóðlegra mannréttindaskuldbindinga fyrir stríðsglæpi hafi þeir staðið að árásum gegn umhverfinu í vopnuðum átökum. Málið snýst um að viðurkenna vistmorð sem brot í Rómarsamþykktinni einnig á friðartímum.

Flokkun vistmorðs sem brots á alþjóðalögum á friðartímum er liður í mikilvægri umræðu um hvernig bregðast skuli við stórfelldum spjöllum á vistkerfi jarðar. Jafnframt eru breytingar á reglum þjóðaréttar háðar breiðri samstöðu margra ríkja eigi þær að ná fram að ganga. Að öðrum kosti getur því verið slegið föstu að þess háttar glæpavæðing njóti ekki alþjóðlegs stuðnings. Rómarsamþykktin er vel heppnað afsprengi málamiðlunar sem byggðist á vandasamri jafnvægislist og samningum og felst í stórum dráttum í skráningu grófra og alvarlegra glæpa sem í flestum tilvikum töldust þegar til afbrota samkvæmt svokölluðum venjurétti. Ekki ber að hrófla við samþykktinni nema til þess liggi ríkar ástæður og líkur séu á viðtækum stuðningi í hópi aðila hennar.

Norðurlönd fagna og taka þátt í allri viðleitni til að draga sökudólga til ábyrgðar fyrir stórfelld umhverfisspjöll. Löndin fylgjast náið með þróun mála á þessu sviði og skapist tækifæri til að flokka vistmorð sem brot gegn alþjóðalögum munu þau ekki láta sitt eftir liggja í umræðum þar að lútandi.

Fyrir hönd ríkisstjórnanna á Norðurlöndum,

Romina Pourmokhtari,

loftslags- og umhverfisráðherra Svíþjóðar